

um yðar, herra amtmaðar, í brjefi dagsettu 25. marz þ. á., meðmælum hlutað-
eigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Þóroddstaðahreppi í Eyjafjarð-
arsýslu, vil jeg hjermeð veita samþykki til þess, að þingstaður umgetins hrepps
sje fluttur frá Þóroddstöðum að Hornbrekku, gegn því að hreppsnefndin annist
um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um sölu kirkjujarðar Mjóafjarðarhrepps. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir í brjefi, dagsettu 26. f. m., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 25. s. m. allramildlegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess að hálf jörðin Hafrafell í Fellahreppi, sem heyrir undir Mjóafjarðarprestakall, verði seld frá prestakallinu fyrir 2200 krónur í minnstá lagi, með því skilyrði, að söluandvirðið skuli haldast sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og sje varið til að kaupa fyrir bankavaxtabrjef veðdeildar landsbankans, og njóti beneficiarius aðeins vaxtanna þaraf, en að nefnd háflenda verði framvegis skoðuð sem bændaeign, að því er alla skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, herra amtmaður, og yður, herra biskup, til vitundar gefið með skírskotun til brjefs yðar frá 20. nóvember f. á., yður til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að því viðbættu, að bankavaxtabrjef þau, er keypt verða samkvæmt þessu, skulu útbúna áritun stiptsyfirvaldanna um það, að brjefin eigi megi afhendast frá prestakallinu.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um prestakallalán, handa Sauðlauksdalsprestakalli. Samkvæmt tilögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 26. f. m., og beiðni hlutaðeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn að Sauðlauksdal, sjera Þorvaldur Jakobsson, taki 2500 kr. embættislán upp á prestakallið, til þess að byggja á prestssetrinu tvíloftað íbúðarhús, sem sje 12 × 12 álnir utanmáls og að öðru leyti með því fyrirkomulagi, sem nákvæmara er tiltekið í nefndu brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu. — Húsið, sem skal verða eign prestakallsins, skal jafnan vera í eldsvoðaábyrgð fyrir minnst 3000 kr., og skal presturinn skila því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi. En þegar það er upp komið, falli niður af núverandi bæjarhúsum: baðstofa með stofu undir lopti, anddyri, göng, búrhús og eldhús, og ennfremur andvirði seldra hjáleiguhúsa í Dalshúsum, 39 kr. Síðari helmingur láns þessa skal þó eigi útborgast lántakanda fyr en áreiðanlega er sannað, að húsið sje fullgert og fullnægi settum skilyrðum. Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum í lengsta lagi á